

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málslíður er verði 2. málslíður og orðist svo:

Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður, sem frádráttarbær eru frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. júní 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

9. júní 1980.

Nr. 59.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einnig skal veita úr sjóðnum styrki til framkvæmda við heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila, svo og vistheimili.

2. gr.

Við a-lið 25. gr. laganna bætist:

Við ákvörðun framlags úr ríkissjóði til sjóðsins skal taka tillit til þess að sjóðnum er ætlað að veita styrki til sjálfseignarstofnana og vistheimila, sbr. 3. mgr.